

1871.

15. júní.

greiða þenna kostnað en ekki framfærsluhreppurinn, sem að auki eptir skýrslu hlutaðeiganda sýslumanns varla mun vera fær um það, og hefir amtið því næst farið þess á leit, að stjórnarráðið sjái um, að upphæðin verði borguð bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn úr aðalfehirzlunni, en amtið hefir tilkynnt bæjarstjórninni, að málið sè borið undir dómsmálastjórnina.

Útaf þessu skal þess getið, að eins og kansallibréf 6. nóvbr. 1845 aðeins í einstökum tilfellum hefir leyft, að greiða megi kostnaðinn við sjálfan flutning íslenzkra sakamanna til Íslands, er þeir hafa út tekið hegningarvinnu hér, úr dómsmálasjóðnum, þannig eiga ekki stjórnarbréf þau, sem amtið hefir skýrskotað til, við það atvik, sem hér er verið að ræða um, þar sem fè hefir verið varið til aðhjúkrunar á íslenzkum fanga, sem búinn er að út taka hegninguna, heldur við þau tilfelli, er slíkum kostnaði hefir verið varið til þess, að íslenzkur sakamaður náí að afplána hegningu, og gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að dómsmálastjórnin hlýtur að vera á því máli, að framfærsluhreppur Guðbjargar Guðmundsdóttur eigi beinlínis að endurgjalda kostnaðinn, en um efnaleysi hreppsins hefir stjórnarráðið ekki fengið nægar skýrslur.

Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skýrt bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn frá því, sem sagt er að framan.

15. júní.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um húsakaup á klausturjörð.

Með bréfi 15. febr. p. á. hefir amtið sent hingað bænarskrá, þar sem leiguliðinn á jörðunni Fossgærði, sem heyrir undir Skriðu klausturs góz, sækir um, að hið opinbera kaupi hús nokkur á jörðunni, sem tilheyra dánarbúi leiguliðans, sem var, en sækjandi

1871.
15. júní.

hefir ekki sjálfur efni til að kaupa þau, og hefir umboðsmaðurinn mælt fram með þessu. Um þetta efni hefir amtið getið þess, að það mundi ábatasamast fyrir hið opinbera, að taka húsin, sem eru nauðsynleg fyrir jörðina, og samkvæmt skoðunargjörð, sem fram hefir farið, eru metin uppá 150 rd., af þeirri ástæðu að hús þessi, sem hinn fyrri leiguliði hefir byggt, þá er þessi jörð var skilin frá jörðunni Klausturseli, að öðrum kosti mundu rifin, og jörðin yfirgefin, og þá mundi litlar líkur til, að jörðin yrði byggð nokkrum, og væri hætt við, að hið opinbera hefði í mörgum greinum skaða af þessu. Jafnframt og þess er getið, að afgjaldið af jörðunni, er hun var byggð út í fyrsta skipti, var 30 álnir á ári, en að amtmaður Havstein gagnstætt tillögum hlutadeiganda umboðsmanns hækkaði afgjaldið til 50 álna, þegar jörðin var byggð þeim leiguliða, sem nú situr á henni, hefir amtið stungið upp á, að verja megi 150 rd. úr umboðssjóðnum til þess að kaupa húsin, og að enn fremur verði lagt til jarðarinnar $\frac{1}{2}$ kúgildi eða 3 ær, sem mundi kosta 20 rd., en þá mundi afgjaldið af jörðunni geta orðið 50 áln., og leigan 10 áln., eða í peningum 15 rd. á ári, þegar hver meðalalin er talin 24 sk.

Útaf þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, þannig, að ábúandinn taki við húsunum, haldi þeim við og skili þeim aptur í fullu standi, og skal hann gjalda í landskuld 50 áln., og í leigu 10 áln.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skuldir umboðsmanns Sveins Þórarinssonar.¹

16. júní.

Með bréfi 28. febr. þ. á. hefir amtið sent hingað aðalreikning yfir protabú umboðsmanns Sveins heitins Þórarinssonar, og sèst af honum, að skuldakröfur hins opinbera í búinu verða borgaðar

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 76.

Tíð. um stjórnarmál. III.